

Mál nr. 399/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.**

Maður féll á gangstíg þar sem vatn hafði lekið úr drykkjarfonti og frosið.

Gögn.

1. Málskot, móttengið 10.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.12.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 31.12.2009 kvaðst M hafa verið á gangi eftir gangstíg í sveitarfélaginu S. Er hann hafi gengið fram hjá drykkjarfonti hafi hann runnið á svelli vegna vatns sem hafði lekið yfir gangstíginn frá drykkjarfontinum. Myrkur hafi verið og snjór yfir, en af þeim sökum hafi hann ekki varast sveibunkann sem þarna var. Hafi hann fallið í jörðina og hlotið áverka á vinstri öxl og brotið viðbein. Sonur M var með honum og hefur hann staðfest að M hafi í umrætt sinn runnið á svelli við drykkjarfontinn. M leitaði á bráðadeild Landspítalans þremur dögum síðar. Í læknisvottorði þaðan segir að M hafi dottið á vinstri öxl þann 31.12.2009.

M kveður vatn hafa lekið frá drykkjarfontinum um langan tíma yfir gangstíginn. Dagana fyrir slysið hafi verið frost og vatnið því frosið. Við þær aðstæður skapist mikil slysaþætta fyrir þá sem þarna eiga leið um. Kveður M að S hafi vanrækt eftirlit og viðhald með drykkjarfontinum og með því m.a. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007, en þau lög gildi einnig um gangstíga eftir því sem við á, sbr. 10. gr. laganna. Beri S því ábyrgð á líkamstjóni hans, sbr. m.a. 56. gr. sbr. 10. gr. vegalaganna. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir í málinu frá S um drykkjarfontinn, þ. á m. um gerð hans og ástand og hvernig eftirliti og viðhaldi hefur verið háttað frá því hann var settur upp. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins eru yfirgnæfandi líkur á því að M hafi runnið og hlotið meiðsl á vinstra axlarsvæði þegar hann lenti á klakabunka við drykkjarfontinn þann 31.12.2009 sem rekja megi til ófullnægjandi viðhalds og eftirlits með honum. Verður að telja líkurnar svo yfirgnæfandi að sannað sé með fullnægjandi hætti að slysið hafi borið að og af þeim ástæðum sem hér hefur verið lýst. Beri S því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M að því marki sem það verður rakið til þessa tjónsatbuðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá X að því marki sem líkamstjón hans verður rakið til tjónsatburðarins 31.12.2009.

Reykjavík, 11. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.